



Kristilega skólahreyfingin

Húsi KFUM og KFUK Holtavegi 28 104 Reykjavík
S: 588 8899 ksh@ksh.is www.ksh.is

Kæri velunnari.

Bréf þetta er kveðja frá Kristilegu skólahreyfingunni. Við sem tengjumst því starfi erum þakklát Guði fyrir alla sem taka þátt í því á einn og annan hátt. Stór hópur ungs fólks kemur á fundi á laugardagskvöldum. Fyrir starf félaganna KSS og KSF hefur fjöldi ungs fólks komist til trúar á Jesú Krist. Þrá okkar er sú að enn fleiri bætist í hópinn.

Mikill vöxtur hefur verið í starfi KSS starfsárinu en á haustskólamóti voru um 120 þátttakendur og á vorskólamóti um 100 þátttakendur. Vorskólamótið bar yfirskriftina „Sögur úr Gamla testamentinu.“ Ræðumenn voru þau sr. Íris Kristjánsdóttir, sr. Jón Ómar Gunnarsson, Baldur H. Ragnarsson og Magnús Stefánsson. Þátttaka á fundum hefur verið góð í ár. Ný stjórn tók við á aðalfundi 14. apríl sl, í henni sitja: Hildur Kjartansdóttir, formaður, Árni Gunnar Ragnarsson, varaformaður, Hafsteinn Ingi Gunnarsson, ritari, Friðrik H. Z. Friðriksson, gjaldkeri og Aron Bjarnason, kynningar – og tónlistarfulltrúi. Munið eftir stjórn KSS í bænum ykkar.

Starf KSF hefur undanfarið verið í lægð og illa gengið að fá fólk til liðs við félagið, en í maí tók við ný stjórn og í henni sitja: Guðlaug Jökulsdóttir, formaður, Lára Halla Sigurðardóttir, ritari, Kristbjörg Harðardóttir, gjaldkeri, Sigríður Ingólfssdóttir, bænafulltrúi og Perla Magnúsdóttir. Ný stjórn hefur margar spennandi nýjar hugmyndir um starf félagsins og leggur aukna áherslu á starf innan háskólanna. Biðjum um leiðsögn Guðs þeim til handa og að Guð bæti í hópinn.

Starfið er að mestu rekið fyrir fé frá velunnurum þess. Við fáum að leggja okkar fram og þakka þannig Guði



Mikið fjör á afmælisfundi KSS þann 23. janúar

fyrir starfið sem unnið er og taka þátt í að verða öðrum til blessunar. Árið 2010 getur orðið KSH fjárhagslega þungt. Undanfarin ár höfum við sýnt talsverða ráðdeild og endar náð saman og afgangur verið af rekstri, sá afgangur hefur farið í að styrkja starfssjóð KSH.

Það er í mörg horn að líta á þessu starfsári, vöxturinn í KSS er allt í senn mikil blessun en jafnframt áskorun okkur til handa. Áskorun um að mæta því unga fólki sem best hefur í okkar raðir og efla það í trúnni á Jesú Krist. Á næsta starfsári stefnum við á að kenna Alfa námskeið bæði fyrir framhaldsskólanema og einnig fyrir háskólanema. Við viljum vinna að uppbyggingu starfs KSF, ásamt því að efla og styðja enn frekar við það unga fólk sem er í leiðtogahlutverki í félögunum. Þau eru næg verkefni á vettvangi KSH og æskilegast væri að hafa starfsmann í fullu starfi, i höldum áfram að stefna að því!

Við þökkum þér innilega stuðning liðinna ára og biðjum Guð að gefa þér og þínum gleðilegt sumar.




*Með fyrirfram þökk og ósk um Guðs blessun,
fyrir hönd Kristilegu skólahreyfingarinnar,*

Jón Ómar Gunnarsson æskulýðsprestur

Hvernig stendur á?

Fjárhagsáætlun KSH fyrir 2010 hljóðar upp tæpar fjórar milljónir króna. Í hverjum mánuði þiggur KSH fastar gjafir að upphæð 76.000 krónur frá einstaklingum. Á sama tíma kostar hver mánuður í rekstri rétt tæpar 300.000 krónur. Reglulega berast KSH aðrar gjafir frá velunnurum og á síðasta ári voru það gjafir fyrir um 500.000



krónur. Eins leggur kirkjan lið en Kirkjumálasjóður Þjóðkirkjunnar og Reykjavíkurrófastsdæmin styðja dyggilega við starfið. Stuðningur Kirkjumálasjóðs og Reykjavíkurrófastsdæmis vestra hefur þó minnkað talsvert í ár eða um tæp 40%. Nú sem oftast leitum við til þín eftir stuðningi við starf KSH. Hvernig stendur á hjá þér? Starf KSH byggir á framlagi sjálfboðaliða og góðvina, þið eruð bakland hreyfingarinnar. Tryggjum að framhalds – og háskólanemar á Íslandi fái áfram að taka þátt í starfi KSS og KSF og að fagnaðarerindið um Jesú Krist hljómi í skólum landsins!

Hvernig gef ég til KSH?

Viljir þú leggja starfi KSH lið þá getur þú gengið í gjafakerfi KSH og gefið reglulega til starfsins.

- Þú getur gefið reglulega með greiðslukorti.
- Þú getur fengið sendan greiðsluseðil heim reglulega.
- Þú getur stofnað reglulegar millifærslur í heimabankanum þínum.
- Einnig er hægt styrkja starfið með því að greiða greiðsluseðilinn hér að neðan.

Ef þú vilt ganga í gjafakerfið getur þú haft samband við æskulýðsprest KSH, Jón Ómar, í síma 5888899 eða sent á hann tölvupóst á jonomar@ksh.is. Einnig er hægt að hafa samband við Gísla Jónsson gjaldkera KSH í síma 822-4035.



Kristilega skólahreyfingin - KSH

Kt. 510479-0259 - Holtavegi 28 - 104 Reykjavík - Sími 588 8899 - www.ksh.is

Greiðandi:

Kt.

Upphæð:

Lagt inn á reikning 0117-26-119105